



## Fundargerð

11. fundar stjórnar FRÍ fimmtudaginn 22. Janúar 2015 kl. 19:00  
Í fundarsal A á 3. hæð í Íþróttamiðtöð ÍSÍ Laugardal

---

Mætt: Einar Viljálmsson (EV) Jónas Egilsson (JE) Jón Steingrímsson (JST) Lóa Björk Hallsdóttir (LBH). Stefán Skafti Steinólfsson (SSS) Fríða Rún Þórðardóttir og Gunnlaugur Júlíusson. Aðalbjörg Hafsteinsdóttir, Ingvar Hlynsson, Lovísa Hreinsdóttir og Björg Ágústdóttir boðuðu forföll.

Formaður setti fund, bauð stjórnarmenn velkomna og gekk til dagskrár.

1. Boðun fundar og fundargerð síðasta fundar. Engar athugasemdir voru gerðar við fundarboðun. Afgreiðslu fundargerðar frestað.
2. Fjármál FRÍ
  - 2.1. Staða á reikningum FRÍ, hreyfing milli funda – staða á yfirdrætti erfið.
  - 2.2. Kostnaður FRÍ vegna RIG (framkv.stj.) – kostnaður óstaðfestur en samkvæt áætlun.
  - 2.3. Tekjur vegna RIG – vísað til framkvæmdastjóra að senda út greiðsluseðla vegna samstarfsstyrkja. Ef styrktarloforð skila sér verða tekjur á RIG mun meiri en áður.
  - 2.4. Tækninefndarfundur í Noregi - skýrsla og kostnaður. Skýrsla frá Þorsteinn Þorsteinsson, formanni Tækninefndar lögð fram. Kostnaður vegna ferðarinnar ekki lagður fram. Ákvörðun um útgjöld FRÍ vegna fundarins var tekin af framkvæmdastjóra án samráðs við stjórn. Formaður fagnar skýrslunni og áréttar að það hafi verið tekið fyrir á stjórnarfundi að stjórnin þurfi að staðfesta útgjöld sambandsins af þessum toga áður en til þeirra er stofnað.
3. Fjármálastjórn og gagnsæi í rekstri FRÍ. Umræður um mikilvægi þess að stjórnin sé vel upplýst um fjárhagsstöðu sambandsins á hverjum fundi stjórnar. Að hraða þurfi eins og kostur uppgjöri ársins 2014 enda ekki hægt að taka ákvarðanir um útgjöld sambandsins 2015 fyrr en afkoma sambandsins 2014 liggja fyrir. Gjaldkeri taldi að mynd af afkomu sambandsins 2014 verði skýr fyrir vörfund sambandsins 27. febrúar og ljóst að fjárhagsstaða sambandsins sé þröng.
4. Umsókn til ÍSÍ - vegna landsliðsmálefna 2015. Formaður greindi frá því að greinagerð með umsókn sambandsins hafi verið send til ÍSÍ og niðurstöðu að vænta fljótlega. Fram kom að samvinnan við um frágang greinagerðarinnar hefði mátt vera meiri og betri.
  - 4.1. Afreksstefna FRÍ frá 2015 – kynning og þróun. Formaður gerði stuttlega greins fyrir samtölum og fundum með yfirþjálfurum félaga sem eiga íþróttamenn í landsliðshópi FRÍ og góðum undirtektum um aukið samstarf og samráð um landsliðsmálefni. Þá hafi undirtektir fagþjálfara verið góðar um myndun fagþjálfarahópa eftir greinaflokkum sem nýtst getur íþróttamönnum á hæsta getustigi.
  - 4.2. Skipan landsliðsmálefna – Formaður greindi frá því að nú sem áður færi fagleg aðstoð við landsliðsmenn fram í félögunum. Að það hafi, hins vegar, færst í aukana að íþróttamenn í sömu greinum æfi saman óháð því í hvaða félagi þeir væru. Og þá



samnýting faggreinapjálvara íþróttinni til dramdráttar og kæmi sér vel fyrir íþróttamenn á háu getustigi. Formanni falið að vinna áfram að samstarfi-og samráðo þjálfara við mótun á skipan landsliðsmálefna.

5. Fjárhagsáætlun 2015

5.1 Ársfjórðungsleg áætlun 2015 – stjórnin vísar því til framkvæmdastjóra og taka saman og gera grein fyrir kostnaði sambandsins á hverjum ársfjórðungi og sundurliða þar gjöld og tekur einstakra verkefna.

5.2 Vorpung FRÍ - fjármál FRÍ, afreksstefna FRÍ, mannvirkjamál/þjóðarleikvangur. Stjórn FRÍ samþykkti að efna til vofundar FRÍ þann 27. febrúar þar sem fjármál sambandsins verða til umræðu, fjallað um framtíð Laugardalsvallar sem alþjóðlegs frjálsíþróttavallar sambandsins og staðan á mótun nýrrar afreksstefnu FRÍ verði kynnt. Framkvæmdastjóra falið að boða til vofundar í samræmi við reglugerð.

5.3 Mannvirkjapung 26. Febrúar - umræður um efni til umfjöllunar og heppilegustu tímasetningu fyrir þung. Formanni falið að heyra í nefndarmönnum og kynna fyrir stjórn síðar.

5.4 Styrkir FRÍ til þátttöku á mót erlendis á fyrsta ársfjórðungi 2015 og árangursviðmið.

5.4.1. Áskorendamóti Norðurlandanna (ÁN) í Osló í 14. feb. 2015. Framkvæmdastjóri áréttaði að tilkynna þurfi danska sambandinu um þá þátttakendur sem FRÍ óskar eftir að fá að keppa á mótinu og að nafnalistinn þurfi að vera klár sem fyrst. Framkvæmdastjóra falið að kanna og upplýsa um tímasetningar fyrir lokaskráningu og kostnað íþróttamanna í Noregi.

5.4.2. A-landsliðshópur 2014 - þátttökuréttur á AN ef árangursviðmiði ÍÞA er náð. Formaður greindi frá samráði við ÍÞA um þær greinar sem helst kæmi til greina að fara fram á við Dani að senda Íslenskan keppanda í og samráð við ÍÞA um árangursviðmið fyrir þátttöku á mótinu. Stjórnin sammála um að senda ekki íþróttamenn sem fæddir eru 1996 eða síðar. Stjórnin sammála um að kynna árangursviðmið-1 og árangursviðmið-2 og nýta takmarkað fjármagn sambandsins til að styrkja hvern þátttakanda sem nær árangursviðmiði-1 (fyrir mótið eða á mótinu) um 30.000kr. Og að öðru leiti greiðir þátttakendi/félag allan kostnað eins og um einstaklingsbundið boðsmót væri að ræða.

5.4.3. Vetrarkastmótið Stórmótahópur ungmenna og Stórmótahópur FRÍ . Stjórnin sammál um að styrkja þátttöku á vetrarkastmóti EAA. Miðað er við einstaklinga sem eru í Ólympíuhópi/stórmótahópi FRÍ en njóta ekki A eða B styrkja frá ÍSí né styrkja frá Ólympíusamhjálpinni. Og eiga þess ekki kost að taka þátt á innanhússmótum s.s. sleggjukastarar, kringlukastarar og spjótastarar. Umræða um að styrkja að þessu sinni Hilmar Örn Jónsson um 30.000 kr, Sindra Hrafn Guðmundsson um 30.000 kr og Þjálfara/fararstjóra með hópnun um 30.000 kr. Ákvörðun tekin á næsta fundi.

5.4.4. Árangursviðmið sem tryggir þátttökurétt á AN innanhúss í Noregi (sjá fylgiskjal)

5.4.5. Árangursviðmið sem tryggir þátttökurétt á EM innanhúss í Prag (sjá fylgiskjal)

6. Uppskeruhátið FRÍ – Framkvæmdastjóri greindi frá samtölum við Eggert Bogason um aðstöðu fyrir uppskeruhátið FRÍ í Kapplakrika eftir Bikarkeppni FRÍ .



## Frjálisþróttasamband Íslands

7. Breyting á tímaseðil MÍ 12-22 ára – tillaga frá Breiðablik . Formaður greindi frá samtali við Eirík Mörk Valsson og Magnús Jakobsson og þá niðurstöðu í góðum anda að breyta ekki tímaseðli mótsins – halda mótið á tveimur dögum eins og áður.
8. FRÍ – unglínganefnd (Lóa), starfslýsing framkvæmdastjóra. Umræður um æskilega skipan mála og stjórn sammála um að ráðlegt sé bíða eftir upplýsingum um rekstrarafkomu sambandsins 2014 áður en ákvörðun verði tekin um frekari útgjöld sambandsins.
9. Þinggerð 59. FRÍ-þings, drög – Stjórn hvetur framkvæmdastjóra til að hraða frágangi þinggerðar og birtingu á heimasíðu FRÍ.
10. Framboð Jónasar Egilssonar til áframhaldandi setu í aðliaráði/fulltrúaráði stjórnar EAA. JE tilkynnti um vilja sinn til að bjóða sig fram að nýju og ná endurkjöri til setu í stjórn EAA. Formaður lýsti yfir eindregnum stuðningi við framboð Jónasar sem einstaklings, en minnti á að áform framboðenda í kjöri til forseta EAA lúta að því að auka vinnuframlag frá meðlimum í fulltrúaráði stjórnar EAA. Að gera verði ráð fyrir að virk þátttaka í störfum EAA kalli á aukna ráðstöfun á tíma frá kjörnum fulltrúum í þágu EAA. Í þeim skilningi taldi formaður sig ekki geta stutt það með sama hætti, f.h. sambandsins og sambandsaðila, að eini fastráðin starfsmaður sambandsin gegni slíku hlutverki hjá EAA í auknum mæli, nema þá að starfslýsing viðkomandi hjá FRÍ veiti sérstaklega svigrúm til þess. Stjórnin er sammála um að ráðningasamningur og starfslýsing framkvæmdastjóra þurfi að endurspeglar starfsskildur framkvæmdastjóra gagnvart sambandsaðilum og stjórn FRÍ og fara þurfi yfir ráðningasamning framkvæmdastjóra og skilgreina verksvið hans nánar.
11. Önnur mál.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 20:40.

Fundargerð ritaði Stefán Skafti Steinólfsson.